

EINAR ÓLAFSSON.

„Á daginn er tregandi dapurt mitt ráð.
En— draumurinn var svo fagur.“

B. Þ.

„En— draumurinn var svo fagur.“

Og einn slíkan draum dreymdi Einar í æsku; en svo höfðu örlaga-nornirnar lagt á, að ekki skyldi hann rætast.

Í seinni tíð virtist stefna jafnaðarmanna hafa tekið Einar föstum tökum.

Hann dreymdi annan fagran draum, sem sýndi honum inn á lönd þau, er sumir ætla séu lönd framtíðarinnar. Þar sá hann í hillungum sóllanda-fjöll fyllra frelsis og mannúðar, fagran, hlýjan og víðlendan heim— hugarsýn jafnaðarmanna.

Og sannfærður um veruleik þess heims, þ. e. a. s., að þangað að ynnist leiðin, lagði hann fram alt sitt fylgi til þess, að gera vegina þangað greiðfærari.

Margir hafa unnið að slíku um dagana og munu eins hér eftir um ókomnar aldir; en hvort fyrirheitna landinu, eins og það birtist í draununum fögru, verður nokkurn tíma náð, það veit enginn maður.

Fyrir sterkan vilja og heita umbótaþrá er sýnin lokkandi og hvetjandi til áframhalds. Og að svo hafi verið, þar sem Einar átti hlut að máli, um það held eg enginn efist, sem for-dómslaust les ritgerðir hans í „Baldri“.

Hitt er annað mál, hvort áköf barátta fyrir því, sem enn þá liggur í fjarlægðar-móðu ókominna alda, getur ekki verið óþörf, sumum að minsta kosti; hvort þeir eru ekki að eyða kröftum og tíma til einskis, þegar þeir eru að fást við svo örðug viðfangsefni. Um það hygg eg geti orðið deildar skoðanir.

Það er svo hætt við því, þar sem löngun er heit og sterkur vilji, að fá einhverju afkastað, en möguleikinn er ekki að sama skapi, að vonin, um að draumurinn rætist, vanmegnist, og hugurinn verði dapur og tregandi,— að sóllandafjöllin hverfi í köldum eljum og júnfósólin gangi til víðar og renni aldrei framár.